

Gos í Eyjafjallajökli - staða 20. maí 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Helgu Ívarsdóttur, Bergþóru S. Þorbjarnardóttur, Birni Oddssyni og Gunnari Sigurðssyni.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurratsjá, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð: Gosmökkurinn er í um 5 km skv. veðurratsjá. Sunnanátt er í fjallahæð yfir eldstöðinni, 10 m/s en efst í gosmekkinum er suðsuðvestanátt, 13 m/s

Stefna: Norður en sveigir síðan til norðausturs þegar komið er inn á hálandið (skv. veðursjá og veðurtunglamyndum).

Litur: Grár.

Gjóskufall: Ein tilkynning hefur borist af öskufalli og er hún frá Fljótsdal sem er innsti bær í Fljótshlíð. Þar hófst öskufallið í nótt og stendur enn.

Eldingar: Tíu eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá miðnætti og til klukkan 13 en eftir það hefur engin elding mælst.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Enn er lítið bræðsluvatn frá eldgosinu og í dag hefur sjatnað í ám við Eyjafjallajökul eftir rigninguna í gær. Á morgun er áætlað að setja mælitæki í Bakkakotsá til að reyna að sjá forboða hugsanlegra aurflóða eins og urðu í Svaðbælisá í gær.

Aðstæður á gosstað: Ekkert hefur sést til gosstöðvanna í tvo daga sökum veðurs. Ratsjármyndir úr TF-SIF sýna að engar stórvægilegar breytingar hafa átt sér stað í ískötlunum þar sem sprengigígurinn hleðst upp. Gosið er í meginatriðum sprengigos og lítið sem ekkert hraunrennsli niður Gígjökul.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og líkur því sem verið hefur síðustu daga.

Jarðskjálftar: Tveir smáskjálftar hafa mælst í jöklinum frá miðnætti, á um 7 og 3 km dýpi.

GPS-aflögun: Óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðva næst eldstöðinni síðustu sólarhringa.

Heildarmat: Gosmökkur hefur lækkað undanfarna daga sem bendir til þess að dregið hafi verulega úr kvikuflæði (vel undir 50 tonn/sek) miðað við í lok síðustu viku og um helgina. Enn má búast við sveiflum í gosvirkninni með breytilegu gjóskufalli.